



Stjórn FÍR

Reykjavík 10. febrúar 2021

Fundarstaður : Stórhöfða 29 3. hæð

Mætt voru: Margrét Arnarsdóttir, Eiríkur Jónsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Þór Hinriksson, Hilmar Guðmanson, Kristján Helgason og Sigmundur Grétarsson.

Fundur hófst kl. 18:15

Dagskrá:

- **Fyrirkomulag fundargerða og næstu fundir**
Fundargerðir ársins 2020 verða sendar til stjórnarmanna og þeir samþykkja innan tilskilins frests. Gott væri ef námskeið í ritun fundargerða yrði haldið af RSÍ. Tillaga um það verður lögð fram í miðstjórn. 19. febrúar. Næsti fundur stjórnar er áætlaður 10. mars, það fer eftir hvenær framkvædarstjórnarfundur verður.
- **Framboðsmál**
Á lista til stjórnar og trúnaðarráðs til kosninga 2021 vantar undirskriftir og mun formaður afla þeirra og skila listum til kjörstjórnar. Árið 2022 verða listar til stjórnar og trúnaðarráðs bæði á blöðum með undirskriftum undir framboð og rafrænir og með rafrænum undirskriftum. Skoða þarf framkvæmd hjá öðrum félögum.
- **Aðalfundur FÍR**
Stefnt að því að halda aðalfund 14. apríl.
- **95 ára afmæli FÍR**
Rætt um að gera stuttmynd þar sem verða viðtöl ofl. Formanni falið að afla verðhugmynda. Afmælið er 4. júní.
- **Heimasíða FÍR**
Formaður er að semja við aðila sem mun aðstoða við með gera heimasíðuna notendavænni og flípar verði meira fræðandi. Hugmynd að stjórnarmenn komi með fréttir vikulega, hver hafi sína viku. Tillaga að fyrirkomulagi verður lögð fyrir stjórn til samþykktar.

- **Önnur mál**
Fjölskylduhátíð RSÍ verður 14. ágúst, það verður Pallaball. Broskallaverkefnið gengur vel og eru jákvæð viðbrögð bæði hjá félagsmönnum og rafverktökum. Ævar mun funda með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um öryggismál. Verið að skoða skýrtur á stjórnarmenn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19,45.

Fundargerð ritaði SpG